

Mánudaginn 5. september 1994.

Nr. 9/1994.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnar Björnsson cand. jur.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands

vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna

(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Verkfall. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Jón Þorsteinsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m., höfðaði Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, fyrir Félagsdómi á hendur Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, kt. 420169-6209, vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna, kt. 530169-5539, Rauðagerði 27, Reykjavík með stefnu birtri 2. þ.m. .

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ólögmat sé verkfallsboðun sú sem tilkynnt var samninganefnd ríkisins hinn 29. ágúst 1994 af Félagi íslenskra hljómlistarmanna vegna þeirra félagsmanna hans, er starfa sem lausráðnir hljóðfæraleikarar hjá Þjóðleikhúsinu og hefjast skal hinn 5. september 1994.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að verkfall, er kann að vera komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar, þegar dómur Félagsdóms fellur, sé ólögmat.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Krafa um sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Málavextir.

Með bréfi dagsettu 20. júní 1994 óskaði Félag íslenskra hljómlistarmanna eftir viðræðum um kjarasamning. Stefnandi féllst á að taka upp slíkar viðræður. Í kjölfar þess voru haldnir þrír formlegir samningafundir. Hinn fyrsti 4. ágúst 1994. Í framhaldi af honum

voru haldnir tveir samningafundir, 8. ágúst sl. og 18. ágúst sl. Ákveðinn var fundur 23. ágúst 1994 en sá fundur var afboðaður. Með bréfi dags. 23. ágúst, sem mótttekið var í fjármálaráðuneytinu þann 24. ágúst, boðaði Félag íslenskra hljómlistarmanna verkfall frá og með 1. september 1994. Sú verkfallsboðun var hins vegar aldrei tilkynnt til ríkissáttasemjara, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Hinn 29. ágúst sl. afhenti Félag íslenskra hljómlistarmanna samninganefnd ríkisins, ríkissáttasemjara og þjóðleikhússtjóra bréf dags. þann sama dag. Bréfið var mótttekið hjá ríkissáttasemjara kl. 15:10, hjá samninganefnd ríkisins kl. 15:30 og hjá þjóðleikhússtjóra kl. 15:35. Með því bréfi boðaði Félag íslenskra hljómlistarmanna til verkfalls. Í því bréfi segi m.a. orðrétt:

„Par sem komið hefur í ljós við nánari eftirgrensulan að verkfall það sem boðað var til þann 23.8. sl. var ekki boðað með lögformlegum hætti, þar sem bréf var ekki sent til sáttasemjara, er boðað hér með að nýju til verkfalls í dag 29.8., með bréfi þessu til sáttasemjara ríkisins og hefst verkfall 5. september 1994.“

Í kjölfar þessa bréfs ritaði formaður samninganefndar ríkisins Félagi íslenskra hljómlistarmanna bréf hinn 31. ágúst 1994. Í því bréfi er vakin athygli á því að verkfallsboðunin hafi verið móttekin síðdegis á mánudeginum 29. ágúst og því verði ekki liðnir 7 sólarhringar á miðnætti aðfararnótt mánudagsins 5. september 1994, en samkvæmt hefð hefjist verkföll við upphaf tiltekins mánaðardags nema annað hafi verið tekið fram. Taldi samninganefnd ríkisins að verkfallsboðunin væri ógild, þar sem hún hefði ekki verið tilkynnt með lögboðnum 7 sólarhringa fyrirvara, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 1994 mótmælti lögmaður Félags íslenskra hljómlistarmanna þessari afstöðu samninganefndarinnar. Í bréfi lögmannsins er því haldið fram að vinnutími félagsmanna í Félagi íslenskra hljómlistarmanna hjá Þjóðleikhúsinu hefjist kl. 19:00 að kvöldi 5. september. Verði þá sannanlega a.m.k. 7 sólarhringar liðnir frá móttöku verkfallsboðunar.

Ágreiningur aðila er um það hvort verkfallsboðun Félags íslenskra hljómlistarmanna hjá Þjóðleikhúsinu hafi verið tilkynnt með nægum fyrirvara skv. 16. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst reisa málatilbúnað sinn á því að í 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur felist að vinnustöðvun skuli

tilkynna a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún eigi að hefjast. Í verkfallsboðun Félags íslenskra hljómlistarmanna frá 29. ágúst 1994 sé ekki tekið sérstaklega fram á hvaða stundu verkfall skuli hefjast hinn 5. september 1994. Samkvæmt því verði að túlka verkfallsboðunina orðum sínum samkvæmt svo, að hún komi til framkvæmda þegar við upphaf þess dags. Samkvæmt því hljóti að felast í tilkynningunni að verkfall skv. henni skuli hefjast á miðnætti milli 4. og 5. september. Tilkynning þessi hafi hins vegar ekki verið afhent stefnanda og ríkissáttasemjara með hinum tilskylda lágmarksfyrirvara skv. 16. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi hafi þannig fengið hana í hendur 29. ágúst kl. 15:30 en ríkissáttasemjari tuttugu mínútum áður. Af því leiði að verkfallsboðunin hafi verið tilkynnt með of skömmum fyrirvara. Hið boðaða verkfall sé því ólöglegt.

Í 16. gr. felist sú krafa til verkfallsboðunar að hún beri skýrlega með sér öll þau atriði sem máli skipta um framkvæmd vinnustöðvunar. Gildi það m.a. um, hvenær nákvæmlega verkfall eigi að hefjast, hverjir séu verkfallsboðendur og gegn hverjum verkfalli sé beint. Mikilvægt sé að nákvæmlega liggja fyrir hvenær vinnustöðvun hefjist nokkru áður en hún byrjar. Viðsemjanda kjarasamnings, vinnuveitendum, svo og öllum þeim er vinnustöðvun kann að hafa áhrif á, þurfi að vera ljóst strax af orðalagi verkfallsboðunarinnar sjálfrar, nákvæmlega hvenær vinnustöðvun skv. henni skuli hefjast. Verkfallsboðun beri því skv. 16. gr. laga nr. 80/1938 að túlka út frá þeim skilningi sem felst í orðalagi hennar sjálfrar á þeirri stundu sem hún er afhent þeim aðilum sem lög áskilja. Ekki eigi að þurfa að leita út fyrir orðalag verkfallsboðunar við skýringu þess hvenær verkfall skv. henni skuli hefjast.

Samkvæmt orðalagi verkfallsboðunar stefnda feli hún í sér að starfsmenn innan vébanda stéttarfélags hans leggi niður störf miðað við upphaf 5. september og þeir muni ekki mæta til vinnu frá og með þeim tíma. Gildi þá einu hvenær þeir hefðu almennt átt að hefja vinnu þann dag sem verkfallsboðun tekur til, eða skv. áður tekinni sérstakri ákvörðun um upphaf vinnutíma þann dag.

Stefnandi telji þannig að ekki fái staðist að leita þurfi upplýsinga út fyrir það sem fram kemur í tilkynningunni sjálfri, við skýringu á því hvenær dags vinnustöðvun hefst eða það geti verið háð óvissum og tilviljanakenndum atvikum sem samningsaðilar kjarasamningsins hafi ekkert forræði yfir né vitneskju um. Alveg sé þannig ljóst að

ekki fái staðist að upphaf vinnustöðvunar geti ráðist af þeirri tilviljun hvenær innan sólarhrings einstakir starfsmenn innan vébanda stéttarfélags kunni eða eigi að hefja störf á þeim degi sem vinnustöðvun er ætlað að hefjast. Gagnvart gagnaðila kjarasamnings verði upphaf vinnustöðvunar skv. verkfallsboðun heldur ekki látið ráðast af því hvenær innan sólarhringsins verkfallsboðandi nær að afhenda gagnaðila og sáttasemjara verkfallsboðun sína. Ólögmæt verkfallsboðun verði heldur ekki lögmæt við tilkynningu verkfallsboðanda eftirá um að ekki sé tilætluð að hefja vinnustöðvun fyrr en fullum 7 sólarhringum frá því tókst að afhenda þar til bærum aðilum tilkynningu.

Samkvæmt því telur stefnandi að við túlkun á því hvort verkfallsboðun hafi verið tilkynnt innan tilskilins 7 sólarhringa lágmarksfrests geti engin slík atriði komið til skoðunar heldur beri að túlka verkfallsboðun svo, að hún komi til framkvæmda þegar í upphafi viðkomandi dags. Frá því verði ekki gerð frávik nema það sé sérstaklega og skýrt tekið fram í verkfallsboðuninni sjálfri. Af hálfu stefnanda er því talið að túlkun skv. orðanna hljóðan leiði til þess að í verkfallsboðun stefnda felist að vinnustöðvun skuli hefjast þegar við upphaf 5. september. Slíka túlkun telur stefnandi ennfremur styðjast við áralanga framkvæmd í hliðstæðum tilvikum.

Jafnvel þó hið gagnstæða yrði lagt til grundvallar og talið að leggja mætti til grundvallar að verkfall hefjist á þeirri stundu er venjulegur daglegur vinnutími hefst telur stefnandi allt að einu að verkfallsboðunin sé ólögmæt. Í þessu tilviki hagi svo til að engum slíkum föstum vinnutíma sé til að dreifa er gagnaðili kjarasamnings geti með neinu móti gengið út frá. Upphaf daglegs vinnutíma sé þannig mismunandi frá einum degi til annars. Framlögð gögn, kjarasamningur og yfirlit yfir áfingar sýni ótvírætt að föstum vinnutíma sé ekki fyrir að fara. Þvert á móti hefjist vinnutími ýmist að morgni, um miðjan dag eða kvöldi og slíkt geti verið ákveðið með tiltölulega skömmum fyrirvara hverju sinni.

Verkfallsboðun stefnda sé hvað svo sem öðru líður hvorki nægilega glögg né skýr til að hún uppfylli þá kröfu sem gerð er skv. 16. gr. laganna að hún hafi verið tilkynnt 7 sólarhringum áður en tilætlunin var að hún hefjist. Stéttarfélag sem hyggi á verkfallsaðgerðir hafi í hendi sér að gera verkfallsboðunina þannig úr garði að ljóst sé

um öll þau atriði sem hún skal geyma og verði því að bera hallann af öllum vafaatriðum í þeim efnunum.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að við þá verkfallsboðun, sem hér er deilt um, hafi stéttarfélag verið að boða vinnustöðvun á einum afmörkuðum vinnustað vegna samnings þess vinnustaðar sem deilur höfðu staðið um lengi. Í öllu hafi verið farið eftir ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur við boðunina. Hún hafi verið skýr og tilgreint þau atriði sem lögin kveða á um. Hún hafi verið tilkynnt þeim aðilum sem 16. greinin tilskilur 7 sólarhringum áður en vinnustöðvun hefjist. Fyrir hafi legið um nokkurt skeið hvenær æfing skyldi verða, það er kl. 19.30 um kvöldið og því hafi liðið 7 lög-ákveðnir sólarhringar frá því að verkfall var sannanlega boðað og þar til vinnustöðvun fyrst gat hafist. Báðum samningsaðilum hafi verið fullkomlega ljóst að verkfallsboðunin náði aðeins til Þjóðleikhússins og að vinna hljóðfæraleikara þann dag hafi verið ákveðin kl. 19.30 um kvöldið. Þetta hafi verið tilkynnt munnlega og staðfest síðan skriflega á æfingu þann 31. ágúst sl. Hafi ekkert verið við þennan hátt að athuga samkvæmt kjarasamningi, sem kveði á um það í grein 6.1. að leitast skuli við að boða æfingar með að minnsta kosti einnar viku fyrirvara.

Stefnandi haldi því fram að þar sem ekki hafi verið getið tíma-setningar hvenær verkfall skyldi hefjast í verkfallsboðuninni, verði að líta svo á að verkfall hefjist á miðnætti. Vísi hann til áralangrar framkvæmdar og fullyrði að sé ekki annað fram tekið í verkfallsboðun hefjist verkfall á miðnætti. Þessu er alfarið mótmælt. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að venja hafi skapast um að verkföll skuli hefjast á miðnætti sé annað ekki tekið fram. Hvergi í fræðibókum íslenskum eða dönskum sé að finna slíka reglu eða í dómum Félagsdóms. Það hvenær verkfall hefjist ráðist af því hvenær sólarhrings inna á þá vinnu af hendi sem til stendur að leggja niður. Verkfall getur einfaldlega ekki hafist fyrr en menn leggja niður vinnu. Verkfall hafi því ekki getað hafist fyrr en kl. 19.30 um kvöldið.

Þegar stéttarfélag boði verkföll fyrir ótiltekinn fjölda fólks sé oft

tekið fram í verkfallsboðun frá hvaða tíma sólarhrings verkfall skuli hefjast og þá oft miðað við miðnætti, enda geti félögin ekki séð fyrirfram hvenær sólarhrings vinna samkvæmt kjarasamningi er innt af hendi. Slík verkfallsregla sé góðra gjalda verð, en verði ekki að sjálfstæðri réttarheimild ein og sér sem geri það að ófrávíkjanlegri reglu að verkfall hefjist á miðnætti. Slík verkfallsregla skerði ekki rétt stéttarféлага til að boða vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara. Eins og öllum atvikum hafi verið háttað í því tilviki sem hér um ræðir hafi ekki verið um neinn slíkan vafa að ræða hvenær vinna skyldi hefjast. Engir félagsmenn FÍH sem verkfallsboðunin ná til verði í vinnu í Þjóðleikhúsinu á öðrum tíma en æfingunni kl. 19.30 um kvöldið.

Því er einnig mótmælt að verkfallsboðunin hafi verið óskýr og stefndi skuli bera hallann af því. Vinnuna hafi samkvæmt áætlun sem fyrir lá ekki átt að hefja fyrir en kl. 19.30 um kvöldið. Verkfallið var boðað á Þjóðleikhúsið og öllum sem til þekktu hafi verið ljóst og mátt vera ljóst að verkfallinu væri ætlað að ná til þessarar æfingar.

Í athugasemdum vinnulöggjafarnefndar 1938 sé ekki að finna neina takmörkun á rétti stéttarféлага til að tilkynna verkfall með sjö sólarhringa fyrirvara. Enginn Félagsdómur hafi heldur gengið sem feli í sér takmörkun á þeim rétti.

Þar sem annars staðar í löggjöf er veittur frestur sem talinn er í sólarhringum, svo sem í almennum hegningarlögum og einkamála-lögum, þar sem fjallað er um stefnufresti, sé alls staðar miðað við það að sólarhringur sé samfelldar 24 klukkustundir, en ekki bundið við að hann þurfi að hefjast og honum að ljúka á miðnætti. Verði fallist á kröfur stefnanda í máli þessu myndi það í raun þýða að verið væri að lengja þann frest sem þurfi til verkfallsboðunar samkvæmt lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá nægðu ekki sjö sólarhringar, heldur yrði að boða með eins dags fyrirvara við sjö sólarhringana. Niðurstaðan yrði alls ekki í samræmi við skýrt ákvæði laganna.

Verkfallsboðunin hafi eins og áður greini uppfyllt öll skilyrði 16. gr. um framsetningu og skýrleika. Verkfall hafi verið boðað á einn vinnustað, þar sem fyrir hafi legið hvenær vinna skyldi hefjast þann dag sem verkfall var boðað. Engum hafi átt að geta dulist að hér hafi verið rétt að málum staðið.

Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á 130. gr. eml.

Niðurstaða.

Verkfallsboðun stefnda barst ríkissáttasemjara, samninganefnd ríkisins og Þjóðleikhússtjóra milli kl. 15.10 og 15.35 mánudaginn 29. ágúst 1994 og skyldi verkfallið hefjast mánudaginn 5. september s.á. án nánari tímasetningar.

Í 16. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að ákvörðun um vinnustöðvun beri að tilkynna nánar tilgreindum aðilum 7 sólarhringum áður en tilætlun er að vinnustöðvun hefjist.

Þegar upphafsdagur verkfalls er tilgreindur í verkfallsboðun án þess að getið sé um klukkustund eða önnur nánari tímamörk, svo sem hér átti sér stað, verður að líta svo á að verkfallið eigi að hefjast þegar viðkomandi almanaksdagur gengur í garð án tillits til þess hvenær daglegur vinnutími á að hefjast hjá þeim starfsmönnum sem í hlut eiga.

Tímabilið frá því að verkfallsboðun var afhent 29. ágúst uns mánudagurinn 5. september rann upp nær ekki 7 sólarhringum og er verkfallsboðun stefnda því ógild skv. 16. gr. laga nr. 80/1938.

Með vísan til 130. gr. eml. ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

D ó m s o r ð:

Verkfallsboðun Félags íslenskra hljómlistarmanna sem tilkynnt var samninganefnd ríkisins 29. ágúst 1994 vegna þeirra félagsmanna sem starfa sem lausráðnir hljóðfæraleikarar hjá Þjóðleikhúsinu og hefjast skyldi hinn 5. september 1994 er ólögmat.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 50.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i Guðmundar Skaftasonar.

Ég er sammála dómsorði meirhluta dómenda með eftirgreindri athugasemd:

Orðið sólarhring í 16. gr. laga nr. 80/1938 þykir eiga að skýra sem

almanaksdag, reiknaðan frá miðnætti til miðnættis og þannig fastsettan tímalega kl. 0 til kl. 24. Í orðum greinarinnar er ekki gert ráð fyrir að brot úr sólarhring hafi áhrif á lengd frestsins. Þurfa því að líða a.m.k. 7 óskiptir eða heilir sólarhringar milli boðunar vinnustöðvunarinnar og til upphafs hennar. Telst þannig ekki það brot sólarhrings, þegar vinnustöðvun er boðuð eða vinnustöðvun er tilætluð, til frestsins.

Í máli þessu var verkfall boðað 29. ágúst sl. sem hefjast skyldi 5. september sl. Líðu þannig aðeins 6 heilir sólarhringar frá boðun verkfallsins til þess tíma er það skyldi hefjast, þ.e. sólarhringarnir 30. ágúst til og með 4. september sl.
